

**Nr. 20-037 S 026 Júlíus Geirmundsson ÍS 270**

***Skipverji slasast á hendi***

*Skipaskr.nr.* 1977  
*IMO:* 8803513  
*Smíðaður:* Póllandi 1989, stál  
*Útgerð:* Hraðfrystihúsið – Gunnvör hf  
*Stærð:* 771,6 brl. 1402 bt.  
*Mesta lengd:* 57,58 m *Skráð lengd:* 54,24 m  
*Breidd:* 12,1 m *Dýpt:* 7,5 m  
*Vél:* Wärtsilä 2460 kW, 1989  
*Fjöldi skipverja:* 25



Júlíus Geirmundsson©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNSA

*Málið afgreitt á fundi 5. júní 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni og Hirti Emilssyni. Hilmar Snorrason tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 24. janúar 2020 var frystitogarinn Júlíus Geirmundsson ÍS 270 á siglingu á Vestfjarðarmiðum. Veður: ANA 15 m/sek.

Skipverji var að fara yfir afskurðarfæriband þegar hann féll í þilfarið á veltu skipsins. Við það festi hann fingur í gólfgrind með þeim afleiðingum að hann fór úr lið.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.